

## FUNDARGERÐ MINJARÁÐS SUÐURLANDS

3. fundur haldinn í Skógum undir Eyjafjöllum þann 6. maí 2016.

Sverrir Magnússon minjaráðsfulltrúi var gestgjafi.

Mættir voru: Sverrir Magnússon, Ásborg Arnþórsdóttir, Linda Ásdísardóttir, Hreinn Óskarsson og Uggi Ævarsson. Ólafía Jakobsdóttir og Ísólfrur Gylfi Pálmason komust ekki á fundinn.

Á fundinum var farið yfir plagg – reglur – sem hefur verið í vinnslu hjá Minjastofnun um starfsemi minjaráða. Þegar plaggið verður fullklárað mun það verða sett á heimasíðu Minjastofnunar en það verður ekki fyrr en öll minjaráðin hafa fjallað um reglurnar. Hér má sjá reglurnar sem farið var yfir á fundinum og aftan við þær eru nokkur atriði sem minjaráðinu þótti rétt að bæta við.

## Minjaráð – starfslýsing

Minjaráð starfa samkvæmt 10. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þar segir:

Minjasvæði og minjaráð.

Landinu er skipt í minjasvæði eftir ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Minjastofnunar Íslands.

Á hverju minjasvæði starfar minjaráð. Minjaráð er samráðsvettvangur hvers minjasvæðis sem ætlað er að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins í samráði við Minjastofnun Íslands og höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.

Minjavörður stjórnar fundum minjaráðs, en auk hans geta fulltrúar samtaka sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda á minjasvæðinu og forstöðumenn viðurkenndra safna átt sæti í ráðinu. Heimilt er að bjóða fulltrúum annarra hagsmunaaðila á minjasvæðinu sæti í minjaráði.

Í reglugerð má setja nánari fyrirmæli um störf og starfshætti minjaráða.

Minjaráð er sjálfstæður vettvangur þar sem fjallað er um menningarminjar hvers minjasvæðis og er skipað til fjögurra ára í senn. Vinnureglur og fundarsköp minjaráða umhverfis landið skulu vera samræmd. Hvert minjaráð fundar að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Fundir eru haldnir að vori og að hausti og fara fundir allra minjaráðanna umhverfis landið fram innan tveggja mánaða tímaramma í apríl/maí og í september/október. Þess á milli geta minjaráð átt samskipti í gegnum vefmiðla, s.s. tölvupóst, Facebook og Skype. Fundargerðir minjaráða eru aðgengilegar á heimasíðu Minjastofnunar og sendar sveitarfélögum viðkomandi minjasvæðis. Launakostnaður minjaráðsmeðlima er greiddur af viðkomandi aðilum. Annar kostnaður er greiddur af Minjastofnun Íslands, t.d. ferðakostnaður innan minjasvæðis vegna minjaráðsfunda, ferðakostnaður innanlands vegna landsfunda, fundaraðstaða, veitingar, vettvangsferðir og fyrirlestrarhald.

Minjaráð beita sér í þágu menningarminja með ályktunum, tilmælum til sveitarstjórna og annarra aðila, greinarskrifum og ráðgjöf til Minjastofnunar. Fræðsluhlutverk minjaráða er

mikilvægt, þau eru samsett af kunnáttufólki í héraði sem vekja athygli á menningarminjum og menningarlandslagi innan síns minjasvæðis. Minjaráðin eru hinsvegar ekki lögaðilar sem sækja um styrki í eigin nafni eða vinna sjálf að viðamiklum verkefnum.

Viðfangsefni minjaráða skipast í tvo meginflokka. Annars vegar eru föst viðfangsefni sem öll minjaráðin hringinn í kringum landið fjalla um á svipuðum tíma. Hinsvegar eru tilfallandi viðfangsefni sem varða sérstök málefni innan hvers minjasvæðis fyrir sig og sem geta verið tekin upp af frumkvæði einstakra meðlima viðkomandi minjaráðs.

Föstu viðfangsefnin eru sérstök málefni á landsvísu þar sem minjaráðin eru Minjastofnun Íslands til ráðgjafar. Sum föst viðfangsefni koma til umfjöllunar árlega meðan önnur koma reglulega upp á nokkurra ára fresti. Til fastra viðfangsefna flokkast:

- Ráðgjöf vegna átaksverkefna á sviði minjavörslu.
- o Árlegt viðfangsefni í tengslum við umsókn MÍ í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og aðra sambærilega sjóði eða vegna tilfallandi átaksverkefna á landsvísu.
- o Minjaráðin gera tillögur til MÍ um uppbyggingu og verndun einstakra minjastaða.
- Verndarsvæði í byggð.
- o Árlegt viðfangsefni.
- o Minjaráðin fjalla um gamla bæjarhlutar í þéttbýli. Skipulag þeirra, nýtingu og varðveislu.
- o Minjaráðin senda rökstuddar tillögur sínar að nýjum Verndarsvæðum í byggð til viðkomandi sveitarstjórna.
- o Tillögur minjaráðanna fá jafnframt umsögn MÍ.
- Eins dags átaksverkefni áhugafólks.
- o Árlegt viðfangsefni.
- o Minjaráð skilgreina eins dags verkefni og hvetja áhugafólk um ákveðna minjastaði til þátttöku. Í framhaldi er auglýst að til standi fara í ákveðið verkefni á ákveðnum degi. Dæmi um verkefni af þessu tagi væri að reita arfa á minjastað, slá ósléttaða kirkjugarða eða stika gönguleið undir leiðsögn minjavarðar.
- o Kostnaður vegna verkefna sem þessara gæti verið leiga á sláttuorfi eða keypt auglýsing í héraðsblað og stendur MÍ undir honum.
- Stuðla að fræðslu og umræðu um menningarminjar og minjavernd.
- o Árlegt viðfangsefni.
- o Hvert minjaráð vekur athygli á minjastað eða málefni með greinarskrifum í héraðsblað eða skipulagðri gönguferð og leiðsögn fyrir almenning.
- o Minjaráðsfulltrúar gætu skipst á að rita greinar þannig að ein til tvær geinar frá hverju minjaráði birtist á ári hverju.
- o Minjaráð geta beint því til bæði opinberra- og einkaaðila sem og frjálsra félagasamtaka, eins og ferðafélaga, að beina sjónum að ákveðnum menningarminjum.

- Stefnumótun um verndun fornleifa og byggingararfs.
- o Á fimm ára fresti .
- o Minjaráð koma að reglubundinni stefnumótunarvinnu MÍ í málaflokki menningarminja.

Niðurstöður umfjöllunar minjaráða um föst viðfangsefni fara í fastan farveg hjá Minjastofnun og eru nýttar í frekari umfjöllun eftir því sem við á. T.a.m. eru árlegar tillögur minjaráða vegna átaksverkefna á sviði minjavörslu nýttar af MÍ þegar sótt er um í viðeigandi verkefnasjóði. Kostnaður sem hlýst af eins dags átaksverkefnum áhugafólks og fræðsla um menningarminjar, líkt og vegna skipulagðra leiðsagna, er greiddur af MÍ.

Tilfallandi viðfangsefni eru eintök málefni sem kunna að koma upp innan hvers minjasvæðis fyrir sig. Hver minjaráðsfulltrúi getur lagt tilfallandi viðfangsefni fyrir minjaráðsfund. Tilfallandi viðfangsefni geta verið:

- Viðhald, aðgengi og hagnýtingu menningarminja, hvort sem er hús, mannvirki eða fornleifar.
- Vekja athygli á menningarminjum sem liggja undir skemmdum eða sem eru í hættu.
- o Fulltrúar mögulega vakta viðkvæm svæði í sinni heimabyggð
- Beina til hlutaðeigandi aðila, MÍ og fornleifafraeðinga á markaði, að rannsaka þurfi einstaka staði og sérstaklega ef þeir eru í hættu.
- Hvetja til skráningar á menningarminjum.
- o Beina því til sveitarfélaga að fornleifaskráningar og húsakannanir séu unnar og funda með sveitarstjórnnum í þeim tilgangi.
- Gera tillögur um friðlýsingu eða skyndifriðun menningarminja ef brýna nauðsyn ber til.
- o Geta einnig verið minjaheildir, hús og bæjarhlutar.
- Veita umsagnir um mál er varða menningarminjar ef MÍ óskar eftir því.
- Beita sér fyrir merkingum á minjum og minjastöðum í samráði við MÍ.
- Hvetja áhugamannafélög til ákveðinna verkefna og stungið upp á þörfum verkefnum sem hægt yrði að sækja um styrki fyrir
- o Stuðla að varðveislu handverks og byggingararfs með torfhleðslunámskeiðum, en einnig bátasmíði og eldsmíði.
- o Stuðla að skráningu og söfnun reiðleiða og örnefna, o.s.frv.

Almennt var fólk sátt við reglurnar en eftirfarandi eru atriði sem eru viðbót við það sem fram kemur í plagginu:

- Að minjaráðið beiti sér fyrir samstarfi við félagsskap eins og *Margar hendur vinna létt verk*, Lions, Rotary, *Sjálfbodaðliðasamtök um náttúruvernd*.

- Ganga til samstarfs við Fræðslunet Suðurlands, Fornverkaskólann, byggðasöfnin og hanni námsskeið sem væri sambland af vinnu og fræðslu. Að minjaráðin geri sér mat úr horfinni verkmenningu (menningarerfðum).
- Minjaráðið vekji athygli á minjastað eða málefni með greinarskrifum í héraðsblað
- Minjaráðið skipuleggi gönguferðir og leiðsögn um minjasvæði fyrir almenning. Hugsanlega í samstarfi við Ferðafélög.
- Minjaráðið hagnýti þekkingu og reynslu minjaráðsmeðlima við skipulagningu minjastaða með tilliti til skilta og stígagerðar.